

## Félagshæfnisögur

Puppet Pals smáforritið hentar ótrúlega vel til þess að útbúa félagshæfnisögur. Kennarinn tekur þá mynd af barninu og þeim aðstæðum sem barnið þarf að læra að haga sér í t.d. við matarborðið. Þá er það leikið þegar persónan er við matborðið og það leitt í gegnum athöfina með viðeigandi hegðun.



Í samverustundum og þá er það sama gert. Hægt er að leika barnið frá því það kemur inn í herbergið, sest niður og hlustar og tekur þátt í samræðum og söng svo eitthvað sé nefnt. Þannig er hægt að útbúa félagshæfnisögur fyrir hvaða athöfn sem er.

Vettfangsferðir geta t.d. verið börnum erfiðar, það er hægt að hafa mynd af strætó og þá staði sem heimsækja á í ferðinni. Þannig má koma í veg fyrir mikinn kvíða t.d. hjá börnum með ADHD, einhverfu og kvíða.

